

**Samþykktir 30. aðalfundar
Landssambands smábátæigenda
16. – 17. október 2014**

Efnisyfirlit

Strandveiðar.....	3
Línuívilnun.....	3
Makríll.....	3
Lúða	3
Kvótinn.....	3
porskkvóti	3
Ýsukvóti	4
Steinbítiskvóti	4
Veiðar og takmarkanir	4
Aflaregla.....	5
Reglugerðarlokanir	5
Byggðakvóti.....	5
Fjarskipatasamband – öryggismál	6
Stækkunarmálið	6
Veiðigjald	7
Sjómannaafláttur	7
VS afli	7
Hvalveiðar	7
Löndunarkranar.....	7
Sjómannadagur	8
Vigtarreglur	8
Frumkvöðlastarf	8
Umgengni – viðskilnaður veiðarfæra	8
Grásleppumál	9
Grásleppunefnd LS 2014 - 2015	10
Stjórn Landssambands smábátæigenda 2014 - 2015.....	11
Félagslegir skoðunarmenn ársreiknings	11

Strandveiðar

Aðalfundur LS vill að veiðidagar strandveiða verði 4 í viku (mánudagur – fimmtudagur) og fái veiðimenn að velja um fjóra mánuði af sex mánaða tímabili apríl til september. Aðrar reglur um strandveiðar verði óbreyttar. Við þetta mundi heildaraflí aukast lítillega en ávinningur yrði mikill er varðar jafnari dreifingu aflans innan tímabilsins.

Línuívilnun

Aðalfundur LS skorar á ráðherra að endurskoða ákvörðun sína um skerðingu á línuívilnun. Fundurinn furðar sig á þeirri skammsýni sem birtist í þessari ákvörðun. Nær væri að stórauka línuívilnun og láta hana ná til allra dagróðrabáta. Línuveiddur fiskur = besta hráefnið.

Makrill

Aðalfundur LS ályktar að LS beiti sér af fullum þunga fyrir því að makrílveiðar á handfæra- og línubátum verði aldrei kvótasettar. Veiðar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og verði til 31. desember ár hvert. Barist verði fyrir því að smábátar fái að veiða 18% af heildarúthlutun aflamarks í makríl.

Lúða

Aðalfundur LS krefst þess að heimilt verði að fénýta lúðu sem veiðist á handfæri og línu sem meðafli.

Kvótinn

Aðalfundur LS skorar á ráðherra sjávarútvegsmála að endurskoða ákvarðanir sínar um heildarafla í einstökum tegundum. Hvetur fundurinn ráðherra til þess að taka meira mið af tillögum frá LS. Þær eru vel ígrundaðar og rökstuddar með gögnum frá Hafrannsóknastofnun.

Þorskvóti

Aðalfundur LS krefst þess að þorskvótinn verði aukinn í 250 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári.

Ýsukvóti

Aðalfundur LS hvetur forystu LS til að vinna af aefli að því að ýsukvóti verði aukinn verulega þegar á þessu fiskveiðiári, enda teljum við ekki ástæðu til niðurskurðar í ýsuveiðum og mun niðurskurðurinn einungis valda vandræðum við veiðar á öðrum tegundum þar sem mikið er af ýsu á miðum víðast hvar við landið.

Steinbítiskvóti

Aðalfundur LS vill að aukið verði við aflamark í steinbít strax í 10 þúsund tonn vegna aukinnar útbreiðslu steinbíts.

Veiðar og takmarkanir

Síldveiðar

Aðalfundur LS ályktar að síldveiðar í reknet verði leyfðar öllum smábátum óháð aflatakörkunum og landsvæðum. Veiðigjöld verði í samræmi við aðra útgerðarflokka á síldveiðum.

Túnfiskveiðar

Aðalfundur LS felur LS að óska eftir heimildum fyrir túnfiskveiðar fyrir smábáta.

Kvótasetning blálöngu

Aðalfundur LS mótmælir harðlega kvótasetningu smábáta á blálöngu, enda hafa smábátar ekki stundað beina sókn í blálöngu.

Þorskígildi í stað kílóa

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í þorskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið.

Atvinnuveganefnd skýri afstöðu sína

Aðalfundur LS vill að LS hlutist til um að Atvinnuveganefnd Alþingis greini frá því hvaða ástæður hafi legið að baki þegar nefndin ákvað að leggja til breytingar á lögum um fiskveiðar í landhelgi Íslands sl. vor þar sem 7 skip voru tekin og færð milli flokka. Með breytingunni var umræddum skipum veittur réttur til togveiða nær landi, eða að 3 sjómílum í stað 4ra við Suðurland.

Aflaregla

Vegna slæmrar reynslu af aflareglu sl. 5 ár krefst aðalfundur LS að hún verði lögð af, eða færð til fyrra horfs.

Reglugerðarlökanir

Aðalfundur LS ályktar að reglugerðarlökanir standi aldrei lengur en í 6 mánuði. Umrædd reglugerðarhólf verði þá opnuð sjálfkrafa.

Aðalfundur LS skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að fella úr gildi reglugerð nr. 742/ 2009 um friðað hólf á Fljótagrunni.

Aðalfundur LS skorar á LS að beita öllum ráðum til að koma í veg fyrir notkun snurvoðar innan 3ja sjómílna við suðurströndina frá Þjórsárósum austur fyrir Vestmannaeyjar.

Aðalfundur LS stuðlar að því að staðið verði vörður um áframhaldandi lokun svæða sem lokað hefur verið fyrir snurvoð í innanverðum Skagafirði og fyrir NV-landi.

Byggðakvóti

Aðalfundur LS ályktar að byggðakvóta verði breytt þannig að hann verði nýttur af dagróðrabátum og komi sem ívilnun við löndun.

Aðalfundur LS fordæmir vinnubrögð stjórnvalda að færa ráðherra óheft völd hvernig úthlutað er til strandveiða, línuívilnunar og byggðakvóta. Þessi ráðstöfun er algerlega á skjön við heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu og til þess eins að leiða til sundrungar og spillingar.

Fjarskiptasamband – öryggismál

Aðalfundur LS leggur til að reglum verði breytt um skoðun smábáta þannig að þær verði framkvæmdar annað hvert ár. Hitt árið verði framkvæmt með sjálfskoðun.

Aðalfundur LS vill að LS beiti sér fyrir því að sett verði upp sjálfvirk veðurathugunarstöð á Reynisfjall eða Dyrhólaey.

Aðalfundur LS krefst þess að samband AIS kerfisins verði stórbætt á miðunum við landið, sama má segja um síma- og talstöðvarsamband, ef nota á þessi kerfi sem öryggis eða eftirlitstæki verða þau að virka. Það vantar búnað í landi til að svo verði.

Því er harðlega mótmælt að farsvið smábáta sé takmarkað við ástand og ásigkomulag AIS eftirlitakerfisins eins og það er á hverjum tíma.

Stækkunarmálið

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að auka veiðiheimildir í krókaflamarkskerfinu. Með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða nr. 82/2013 þar sem stærðarmörk krókaflamarksbáta voru færð upp að 15 metrum og að 30 brúttótonnum var gripið hastarlega inn í starfsumhverfi útgerða krókaflamarksbáta. Jafnvægi til leigu á veiðiheimildum hafði ríkt, en með ákvörðun Alþingis varð gjörbreyting þar á og nú nánast vonlaust að fá kvóta á leigu.

Fundurinn telur einsýnt að lagabreytingunni hafi þurft að fylgja mótvægisáðgerðir og krefst þess að stjórnvöld axli ábyrgð af afleiðingum þessa inngrips með því að auka aflaheimildir krókaflamarksbáta.

Veiðigjald

Aðalfundur LS mótmælir harðlega sérstöku veiðigjaldi á sjávarútveginn. Fundurinn dregur stórlega í efa að þessi gjaldtaka standist stjórnarskrá eða stjórnarsýslulegar kröfur um skattlagningu. Fundurinn leggur til að LS kanni þann möguleika að ráðast í málsókn vegna sérstaks veiðigjalds og ef það er niðurstaðan að sá möguleiki sé líklegur til árangurs, skal LS standa fyrir slíkri málsókn.

Greinargerð

Þessi gjöld drepa niður allan starfsvilja og frumkvæði einstaklinga til að standa í útgerð. Þegar hagnaðurinn fer í vasa allra annarra en þeirra sem afla hans, gefast menn upp og það ýtir ennfremur undir samþjöppun í greininni.

Sjómannaafsláttur

Aðalfundur LS skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að bæta sjómönnum nú þegar upp þá tekjuskerðingu sem þeir hafa orðið fyrir með afnámi sjómannaafsláttar.

VS afli

Aðalfundur LS skorar á ráðherra að færa VS-afla í sitt gamla horf, eitt heildartímabil en ekki fjögur eins og er í dag.

Aðalfundur LS leggur til að útgerðarðili fái að ráðstafa VS-afla til styrktar líknarsamtökum.

Hvalveiðar

Aðalfundur LS lýsir stuðningi við hvalveiðar.

Löndunarkranar

Aðalfundur LS beinir því til hafnaryfirvalda og Vinnueftirlits ríkisins að stuðla að því að samræma stjórn tæki löndunarkrana og fylgja því eftir að kranar séu í lagi.

Greinargerð:

Mismunur á uppsetningu stjórn búaðar í löndunarkrónum getur skapað slysaþættu og óhagræði.

Sjómannadagur

Aðalfundur LS leggur til að strandveiðibátum verði óheimilt að róa á mánudegi eftir sjómannadag og vill að ráðherra gefi út reglugerð þess efnis sem stangast ekki á við lög um sjómannadag.

Greinargerð:

Lög um sjómannadag gilda til hádegis á mánudegi og þarf reglugerðin því að taka gildi frá hádegi á mánudegi til miðnættis til að bannið verði virkt.

Vigtarreglur

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að einfalda sem mest vigtarreglur og framkvæmd á vigtun bolfiskafla. Styður fundurinn þá hugmynd að afli sé endanlega vigtaður á hafnarvog með fastri ísprósentu sem endurspeglar að meðaltali rétta vigtun á fiski. Í kringum 6 - 8% frádrag vegna íss hjá dagróðrabátum í stað þeirra 3% sem nú eru.

Frumkvöðlastarf

Aðalfundur LS samþykkir að LS styðji við bakið á frumkvöðlastarfsemi í útgerð smábáta.

Umgengni – viðskilnaður veiðarfæra

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að hlutast til um að Eyjafjörður verði hreinsaður af aflögðum búnaði og línnum sem áður tilheyrðu fiski- og kræklingaræktendum á svæðinu. Nú er engin slík starfsemi í gangi og leifar af þessum búnaði hafa þegar valdið sjófarendum hættu og umtalsverðu tjóni á bátum. Fundurinn beinir því til stjórnvalda að flóar og firðir séu hreinsaðir.

Grásleppumál

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að fela Hafrannsóknastofnun að óska eftir gögnum frá stjórn Alþjóða náttúruverndarsjóðsins (WWF) um hvað liggja til grundvallar þeirri ákvörðun hans að setja grásleppu- og grásleppuhrogn á valista.

Aðalfundur LS leggur til að ákvörðun um veiðidaga verði í höndum LS og grásleppunefndar og taki mið af markaðsaðstæðum.

Aðalfundur LS mótmælir harðlega öllum tilburðum Hafrannsóknastofnunar við stjórnun grásleppuveiða á grundvelli niðurstaðna úr togararalli. Mikilvægt er að stjórnvöld taki mið af tillögum grásleppu-veiðimanna um lengd veiðitíma sem bæði er byggð á mati þeirra um stærð stofnsins og markaðsaðstæðum.

Aðalfundur LS telur brýnt að LS haldi áfram þeirri vinnu sem hafin er til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði fyrir grásleppu og grásleppuhrogn. Á það jafnt við upplýsingaöflun um verð og aðstoð við veiðimenn og einstök félög smábátæigenda um sölu.

Aðalfundur LS leggur til að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.

Aðalfundur LS leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 10. - 20. mars á svæði E að því gefnu að verð liggja fyrir.

Aðalfundur LS leggur til að við grásleppuveiðar megi notast við belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á gráslepputrossum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.

Greinargerð

Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

Grásleppunefnd LS 2014 - 2015

Frá Austurlandi

Kári Borgar Ásgrímsson, Borgarfirði eystra.
til vara: Birgir Ingvarsson, Bakkafirði.

Frá Kletti

Ólafur Sigurðsson, Árskógssandi.
til vara: Einar Þorsteinn Pálsson, Árskógssandi.

Frá Eldingu

Bæring Gunnarsson, Bolungarvík.
til vara: Hafþór Jónsson, Patreksfirði.

Frá Reykjanesi

Klemens Einarsson, Keflavík.
til vara: Haukur Einarsson, Reykjavík.

Frá Reykjavík

Guðmundur Jónsson, Hafnarfirði.
til vara: Rögnvaldur Einarsson, Akranesi.

Frá Snæfelli

Valentínus Guðnason, Stykkishólmi.
til vara: Ásmundur Guðmundsson, Stykkishólmi.

Frá Skalla

Hilmar Zophoniasson, Siglufirði.
til vara: Guðmundur R Guðmundsson, Drangnesi.

Stjórn Landssambands smábátæigenda 2014 - 2015

Halldór Ármannsson formaður Reykjanesbæ
Þorvaldur Garðarsson varaformaður Þorlákshöfn

Elvar Örn Unnsteinsson	Hornafirði
Friðþjófur Jóhannsson	Barðaströnd
Jóel Andersen	Vestmannaeyjum
Jón Höskuldsson	Álftanesi
Ketill Elíasson	Bolungarvík
Már Ólafsson	Hólmavík
Oddur V. Jóhannsson	Vopnafirði
Ólafur Hallgrímsson	Borgarfirði
Óttar Már Ingvason	Akureyri
Rögnvaldur Einarsson	Akranesi
Sverrir Sveinsson	Siglufirði
Valentínus Guðnason	Stykkishólmi
Þorlákur Halldórsson	Grindavík
Þorvaldur Gunnlaugsson	Kópavogi

Félagslegir skoðunarmenn ársreiknings

Gísli Ólafsson	Grundarfirði
Sigfús Jóhannesson	Grímsey